

Alþingi
Samgöngunefnd
bt. Stefáns Árna Auðólfssonar
150 Reykjavík

Reykjavík, 18. febrúar 2005.

Varðar: Fyrirspurn um skráningu og rannsókn umferðarslysa.

Vísað er til fyrirspurnar þinnar fh. samgöngunefndar Alþingis, dags. 9. febrúar sl. Ljóst er að Sjóvá-Almennar tryggingar hf. annast viðamiklar skráningar vegna umferðarslysa, en öll umferðaróhöpp og slys, sem tengjast ökutækjum tryggðum hjá Sjóvá eru skráð í tölvukerfi félagsins.

Upplýsingar um umferðarslys berast félaginu í upphafi með:

- a) lögregluskýrslum, sem sendar eru félaginu frá lögregluembættum landsins.
- b) tjónstilkynningum ökutækja sem framvísað er af aðilum máls.
- c) öðrum tilkynningum váttrygginartaka.

Svör við einstökum spurningum:

2. Hvað er skráð?

Í tjónaskráningarkerfi félagsins eru skráðar upplýsingar um tjónsdag og tíma, tjónsstað (skráð eftir götukóðakerfi og sveitarfélagi), upplýsingar um váttryggingartaka (eigandi og/eða umráðamaður ökutækisins), fastanúmer ökutækis (beintenging við skrá yfir tegund, árgerð, eiganda og váttryggingafélag), upplýsingar um ökumann, tjónsatvikakóða (skv. viðmiðunarreglum SÍT um sök og sakarskiptingu), upplýsingar um tjónsmuni (m.a. bifreiðar, fasteignir og lausafjármuni) og slasaða einstaklinga.

3. Hvað er rannsakað?

Eiginleg rannsókn fer ekki fram hjá félaginu nema í undantekningartilvikum og þá í samráði við lögreglu skv. beiðni í því skyni að upplýsa betur um atvik og aðdraganda slyss. Vinnan felst hins vegar í skoðun gagna og úrvinnslu til þess að unnt sé að skrá tjón og meta hvort félaginu beri að greiða bætur vegna þeirra og hversu miklar. Á vegum félagsins fer einnig fram skoðun tjónsmuna (í samvinnu við verkstæði vegna ökutækja) og mat á læknisfræðilegum gögnum vegna slasaðra. Upplýsingar eru einnig notaðar í því skyni að vinna úr þeim margvíslegar tölfræðiupplýsingar m.a. um eðli slysa, fjölda tjóna og hlutfall slysa á fólki, vikudag og tíma, tjónsstað (einkum tiltekin gatnamót eða sveitarfélög), aldur og kyn ökumanna og fjárhæðir tjónagreiðslna og áætlana svo eitthvað sé nefnt. Umræddar upplýsingar eru m.a. nýttar til forvarnarstarfs félagsins og jafnframt hafa þær (ekki persónugreinanlegar) verið sendar lögregluembættum, sveitarfélögum, Vegagerð, umferðarráði, ofl.

4. Hvaða göngum er safnað?

Safnað er tjonstilkynningum, lögregluskýrslum, slysatilkynningum, læknisvottorðum, tekjuupplýsingum, tjonaskoðunum vegna munatjóna, örorkumötum vegna slysa, tölulegum skaðabótakröfum og tengdum gögnum.

5. Er aflað persónulegra upplýsinga og hvernig er meðferð þeirra háttað?


Félagið aflar og geymir gögn, sem innihalda persónuupplýsingar og í tilviki slysa á fólki viðkvæmar persónuupplýsingar. Tilvist gagna (oft með stuttum úrdrætti) er skráð í tölvukerfi félagsins og skjallæg gögn geymd skv. flokkunarkerfi í skjalageymslum.

6. Á grundvelli hvaða laga eða reglna fer skráning fram?


Skráning og söfnun gagna hjá félaginu er nauðsynleg til þess að það geti sinnt samningsbundnu og lögboðnu hlutverki sínu sem váttryggingafélag. Hvílir heimild til þessa á lögum um váttryggingarsamninga, lögum um váttryggingarstarfsemi, umferðarlögum ásamt reglugerðum þeim tengdum (m.a. um lögmæltar ökutækjatrýggingar), skaðabótalögum og skilmálum félagsins.

Sé nánari upplýsinga óskað, vinsamlega hafðu samband við undirritaða.

Virðingarfyllst,
fh. Sjóvá-Almennra trygginga hf.



Gunnar Pétursson
deildarstjóri persónutjóna



Sumarliði Guðbjörnsson
deildarstjóri ökutækjatjóna